

## Nefndarálit

um till. til þál. um landgræðsluáætlun 2003–2014.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Niels Árna Lund frá landbúnaðar-ráðuneyti, Ara Teitsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Svein Runólfsson og Ketil Sigurjónsson frá Landgræðslu ríkisins.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Akraneskaupstað, Akureyrarbæ, Búnaðar-sambandi S-Þingeyinga, Búnaðarsambandi Suðurlands, Byggðastofnun, Bændasamtökum Íslands, Eyþingi, Fljótsdalshreppi, Landgræðslu ríkisins, Landsvirkjun, Náttúruvernd ríkis-ins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavíkurborg, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, Skógrækt ríkisins, Skjólskógum Vestfjörðum, Sveitarfélaginu Hornafirði, Skógræktarfélagi Reykjavíkur og umhverfisnefnd Alþingis.

Með tillögunni er lagt til að tilteknum fjármunum skuli varið til landgræðslu í samræmi við gildandi lög nr. 17/1965, um landgræðslu, og lög nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, samkvæmt sérstakri áætlun. Með tillögunni er mótaður rammi um landbætur og verndun landkosta til ársins 2014 en gert er ráð fyrir að áætlunin verði endur-skoðuð fyrir árslok 2005. Með sérstakri landgræðsluáætlun eru markaðar áherslur í stöðvun jarðvegseyðingar, uppgræðslu, eftirliti með ástandi gróðurs og jarðvegs, stjórn landnýtingar, fræðslu, ráðgjöf, rannsóknun og upplýsingamiðlun o.fl. og gerir áætlunin ráð fyrir aukinni landgræðslu á tímabilinu.

Nefndin vekur athygli á því að í tillögunni er vísað til gildandi laga nr. 17/1965, um land-græðslu, og lög nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, en fyrir Alþingi liggja frumvörp til nýrra heildarlaga um þessi efni. Verði þau frumvörp að lögum mun tillögugreinin gilda að breyttu breytanda.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykku álit þessu. Sigríður Jóhannesdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 2002.

Drífa Hjartardóttir,  
form., frsm.

Guðjón Guðmundsson.

Karl V. Matthíasson.

Einar Oddur Kristjánsson.

Þuríður Backman.

Sigríður Ingvarsdóttir.

Kristinn H. Gunnarsson.